

Fundur Atvinnu-og Ferðamálanefndar.

Bergholti 23.3.2023 kl 20:00

Mætt: Dóra Þorleifsdóttir, Trausti Hjálmsón og Kristinn Bjarnason (ritar fundargerð),

Forföll: Stephanie Langridge

1. Sameiginleg atvinnumálastefna. Umræða um drögin, ræðum þetta og förum í gegnum þau. Hvað á að gera með stefnuna? Verða mælanleg markmið og verður hægt að sjá td eftir 4 ár hvað hefur áunnist og hvað má betur fara? Eða verður þetta skjal "viðurkenning" á heimasíðu sveitafélaganna án þess að nýta það til framþróunar.
 - Atvinnu- og Ferðamálanefnd óskar eftir svari frá sveitarstjórn hvað hún ætlar sér með atvinnustefnuna og hvaða framtíð hennar bíður.
 - Við óskum einnig eftir því að sveitastjórn komi með tillögur fyrir nefndina að taka upp á fundum.
 - Nefndin spyr hvað sveitastjórn geri með fundargerðir nefndarinnar, eru tillögur og athugasemdir teknar til umræðu eða er einungis lesið yfir?
2. Við höfum áhyggjur af þeim störfum sem eru að tapast vegna lokunar UMFÍ á Laugarvatni, leggjum áherslu á að í söluferli húsnæðis sveitarfélagsins verði horft til þess að salan skapi störf á staðnum.

Fundi lokið 22:00